

## 201903026 - Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar - 86. mál

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarráð Fljótshéraðs tekur undir þingsályktunartillögu þess efnis að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar og er afstaða bæjarráðs í þá veru að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar.

Þá tekur bæjarráð undir greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni. Reykjavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu og fjölbættu hlutverki í samgöngum

íbúa landsbyggðarinnar, þá er tilgangur hluta ferðanna að sækja lækniþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og tengist staðsetning flugvallarins þannig brýnum öryggishagsmunum almennings. Þá gegnir flugvöllurinn einnig lykilhlutverki í tengingu landsbyggðanna við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir, sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með tveimur atkv. en 1 sat hjá (SÍÞ)

Steinar Ingi Þorsteinsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi L-listans í bæjarráði tekur undir margt í meðfylgjandi greinargerð með þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Það er mjög mikilvægt að flugsamgöngur séu með sem skilvirkustum hætti á milli höfuðborgar og landsbyggðarinnar.

Það er hins vegar ekki hlutverk löggjafarvaldsins að hlutast til um skipulagsvald sveitarfélags með slíkum hætti eins og kveðið er á um í tillögunni.

Vísað er í því samhengi til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurvelli, 361. mál. frá 4. júní 2015 en þar segir: Samband íslenskra sveitarfélaga hlýtur að vara eindregið við því að löggjafinn haldi áfram að feta sig í þá átt að skerða forræði sveitarfélaga á eigin málefnum.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

Fulltrúa D, B og M lista líta svo á að ekki sé með tillögunni verið að veða að skipulagsrétti sveitarfélaga.

Ofangreindri umsögn og bókun bæjarráðsfulltrúa er hér með komið á framfæri.

Fh. Fljótshéraðs

Stefán Bragason.